

Föstudaginn 9. febrúar 1990.

Nr. 258/1988. **Utanríkisráðherra og
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)
gegn
Þorsteini Kristjánssyni
(Helgi V. Jónsson hrl.)
og gagnsök.

Skaðabótamál. Vinnuslys. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari og Arnljótur Björnsson prófessor.

Aðaláfrýjendur skutu héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 26. ágúst 1988. Þeir krefjast aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans, en til vara, að dæmdar fjárhæðir verði lækkaðar verulega og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti látinn niður falla.

Gagnáfrýjandi skaut héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 26. október 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Dómkröfur hans eru þessar:

1. Aðallega, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða gagnáfrýjanda kr. 1.240.733 með 35% ársvöxtum frá 15. febrúar 1982 til 1. nóvember s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst s.á., 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s.á., 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, með 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. júní 1987, 2,8% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. júlí 1987,

3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. ágúst 1987, 3,4% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. september 1987, 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til útgáfudags stefnu þessarar og með dráttarvöxtum, eins og þeir verða ákveðnir af Seðlabanka Íslands samkvæmt 10. gr. sbr. 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að dæmt verði, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. febrúar 1983.

2. Til vara, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð kr. 1.510,443 með 35% ársvöxtum frá 15. febrúar 1982 til 1. nóvember s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst s.á., 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s.á., 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, með 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. júní 1987, 2,8% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. júlí 1987, 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. ágúst 1987, 3,4% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. september 1987, 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til útgáfudags stefnu þessarar og með dráttarvöxtum, eins og þeir verða ákveðnir af Seðlabanka Íslands samkvæmt 10. gr. sbr. 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að dæmt verði, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. apríl 1988.

Gagnáfrýjandi krefst staðfestingar málskostnaðarákvæðis hins áfrýjaða dóms. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Með bréfi dómsmálaráðuneytis 28. desember 1988 var gagnáfrýjanda veitt gjafsókn í málinu fyrir Hæstarétti.

I.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður nýr útreikningur Guðjóns Hansen tryggingafræðings frá 12. janúar 1990 á örorkutjóni gagnáfrýjanda. Segir þar svo:

„Breytingar frá útreikningnum 27. júlí 1987 eru þessar:

1. Tekið er tillit til breytinga á kauptöxtum, og enn fremur er hliðsjón höfð af upplýsingum Kjararannsóknarnefndar um launaþróun árin 1986-1988.

2. Vaxtareikningur breytist vegna þess, að útreikningsdagur er nú annar. Reiknað er með almennum sparisjóðsvöxtum frá slysdegi til útreikningsdags 12. janúar 1990, en síðan er reiknað með 6% ársvöxtum til frambúðar.

3. Vegna þess, hve langt er um liðið frá því er slysið varð, er til glöggvunar reiknað, hver tjónsfjárhæð verður, ef slysdagsverðmæti er fært fram til útreikningsdags.

Þegar tillit er tekið til ofangreindra launahækkana, reiknast mér þær árlegu vinnutekjur, sem lagðar voru til grundvallar við fyrri útreikninga, verða sem hér segir:

Árið 1982, frá slysdegi	kr.	204.899
— 1983	—	293.492
— 1984	—	350.267
— 1985	—	462.221
— 1986	—	581.834
— 1987	—	824.869
— 1988	—	1.024.685
— 1989	—	1.131.395
Eftir þann tíma	—	1.210.246

Miðað við framangreindan tekjugrundvöll og tekjutap í samræmi við örorkumat reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

	<i>Reiknað með vöxtum og vaxtavöxtum til útrd. kr.</i>	<i>Reiknað með einf. vöxtum til útrd. kr.</i>
Vegna tímabundins orkutaps í 12 mánuði	kr. 155.322	kr. 155.322
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma	— 1.039.269	— 1.576.765
Samtals	kr. 1.194.591	kr. 1.732.087
Viðbót vegna tapaðra lífeyris- sjóðsréttinda	kr. 60.396	kr. 90.782
Verðm. eingreiðslu slysabóta T.r.	— 62.468	— 69.283

Sé slysdagsverðmæti fært fram til útreikningsdags þannig, að
vextir reiknast á sama hátt, hvort sem fjárhæð er færð aftur í tím-
ann eða fram á við, verður verðmæti á útreikningsdegi 12. janúar
1990 sem hér segir:

	<i>Reiknað með vöxtum og vaxtavöxtum til útrd. kr.</i>	<i>Reiknað með einf. vöxtum til útrd. kr.</i>
Vegna tímab. orkutaps í 12 mán.	665.454	407.932
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma	4.452.594	4.141.154
Samtals	kr. 5.118.048	4.549.086
Viðbót vegna tapaðra lífeyris- sjóðsréttinda	kr. 258.758	kr. 238.426
Verðm. eingreiðslu slysabóta T.r.	— 267.635	— 181.962

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem tilgreindar eru hér að framan, skírskotast til fyrri útreikninga.“

II.

Fallast ber á með héraðsdómara, að leggja megí frásögn gagnáfrýjanda til grundvallar um atvik að slysi því, sem hann varð fyrir.

Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir rannsókn á vegum liðs Bandaríkjanna á búnaði vélsagarinnar til að fjarlægja spæni og sag frá henni. Var niðurstaða þessarar rannsóknar sú, að búnaður þessi væri ófullnægjandi.

Vilhjálmur Vilhjálmsson, Páll Ólafsson og Guðlaugur Guðmundsson, sem störfuðu með gagnáfrýjanda á trésmíðaverkstæðinu, hafa borið fyrir dómi, að gólfið hafi orðið mjög hált, þegar sag féll á það. Til framangreinds vanbúnaðar vélsagarinnar og hálku á gólfinu, sem af honum leiddi, verður slysið rakið.

Vegna þessara ófullnægjandi aðstæðna á verkstæðinu jókst að mun slyshætta af óvörðu sagarblaðinu. Sú hætta jókst enn við aukið vinnuálag, sem gagnáfrýjanda var búið daginn, sem slysið varð, er hann varð einn að standa að erfiðri og vandasamri sögun fyrirferðarmikils efnis vegna fjarvistar starfsmanns, er áður hafði verið honum til aðstoðar við verkið.

Með vísan til þessa er fullnægt lagaskilyrðum fyrir fébótaábyrgð á umræddu vinnuslysi. Eigi þykja efni til þess, eins og atvikum er háttað samkvæmt framanskraðu, að meta slysið gagnáfrýjanda til sakar. Ber því að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms að leggja á aðaláfrýjendur fulla greiðsluskyldu á tjóni gagnáfrýjanda af völdum slyssins samkvæmt 2. tl. 12. gr. fylgiskjals með lögum nr. 110/1951 um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess.

III.

Svo sem rakið er hér að framan, hefur verið lagður fyrir Hæstarétt útreikningur á áætluðu örorkutjóni gagnáfrýjanda, er miðast við 12. janúar 1990.

Við aðilayfirheyrslu á bæjarþingi Reykjavíkur 10. maí 1988 lýsti gagnáfrýjandi því yfir, að hann hefði haldið óskertum launum, frá því slysið varð. Má því ætla, að fram til þess tíma hafi metinnar örorku hans enn eigi verið farið að gæta við tekjuöflun.

Þegar framanskráð er virt, tillit tekið til eingreiðslu örorkubóta frá Tryggingastofnun ríkisins og úr samningsbundinni slysatryggingu og hliðsjón höfð samkvæmt dómvenju af skattfrelsi örorkubóta og hagræði af greiðslu þeirra í einu lagi, þykir tjón gagnáfrýjanda vegna varanlegrar örorku hæfilega metið 650.000 krónur.

Miskabætur til handa gagnáfrýjanda þykja hæfilega metnar í hinum áfrýjaða dómi 150.000 krónur.

Samkvæmt þessu verða aðaláfrýjendur dæmdir til að greiða gagnáfrýjanda 800.000 krónur.

Í kröfum aðaláfrýjenda hér fyrir dómi er ekki vikið að vöxtum. Í kröfum þeim, sem gerðar voru af hálfu þessara aðila í héraði, var kröfum um vaxtavexti og um upphafstíma dráttarvaxta mótmælt, en ekki getið um upphafstíma vaxta. Verður að skilja kröfugerð aðaláfrýjenda svo, að upphafstíma vaxta sé ekki mótmælt. Verða vextir því dæmdir eins og í dómsorði greinir.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður, en áfrýjunarkostnaður, 180.319 krónur, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda, Helga V. Jónssonar hæstaréttarlögmans, 160.000 krónur. Er þá ekki tekið tillit til söluskatts eða virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjendur, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Þorsteini Kristjánssyni, 800.000 krónur með 34% ársvöxtum frá 15. febrúar 1982 til 1. nóvember s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst s.á., 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s.á.,

11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl s.á., með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 14. apríl 1987 til 8. febrúar 1990, en dráttarvöxtum samkvæmt 15. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga, frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Áfrýjunarkostnaður málsins, 180.319 krónur, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda, Helga V. Jónssonar hæstaréttarlögmans, 160.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara og Arnjlóts Björnssonar prófessors.

Við erum sammála þeirri niðurstöðu meirihluta dómenda, að aðaláfrýjendum beri að greiða gagnáfrýjanda bætur. Við erum sammála meirihlutanum um tjón gagnáfrýjanda.

Á það er að líta, að gagnáfrýjandi er meistari í húsgagnasmíði og hafði margra ára reynslu af vinnu við trésmíðavélar, m.a. hafði hann starfað á trésmíðaverkstæði varnarliðsins í fimm ár, er slysið varð. Hann var þaukunnugur búnaði vélarinnar og aðstæðum öllum. Ósannað er, að hann hafi hreyft athugasemdum um það, sem hann telur nú hafa verið áfátt. Einnig verður að telja, að hann hafi ekki sýnt næga aðgæslu í umrætt sinn. Ber því að okkar álit á að dæma aðaláfrýjendur til að greiða tjón gagnáfrýjanda að hálfu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. júní 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. maí 1988, er höfðað fyrir dóminum með stefnu, þingfestri 24. september 1987, af Þorsteini Kristjánssyni, nnr. 9749-5246, Eyjabakka 16, Reykjavík, á hendur Jóni Baldvin Hannibalssyni fjármálaráðherra, Arnarhvali, Reykjavík, og Steingrími Hermannssyni utanríkisráðherra, Hverfisgötu 115, Reykjavík, báðum fyrir hönd ríkissjóðs, og gerir endanlega þær dómkröfur:

Aðallega, að stefndu verði dæmdir in soldium til að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð kr. 1.240.733 með 42% ársvöxtum frá 15. febrúar 1982 til 21. september 1983, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. októ-

ber 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst 1984, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1987, með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, með 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. júní 1987, með 2,8% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. júlí 1987, með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. ágúst 1987, með 3,4% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. september 1987 og með 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til útgáfudags stefnu í máli þessu og með dráttarvöxtum, eins og þeir verða ákveðnir af Seðlabanka Íslands skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að staðfest verði með dómi, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. febrúar 1983.

Til vara, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð kr. 1.510.493 með 42% ársvöxtum frá 15. febrúar 1982 til 21. september 1983, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst 1984, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1987, með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, með 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. júní 1987, með 2,8% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. júlí 1987, með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. ágúst 1987, með 3,4% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. september 1987 og með 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til útgáfudags stefnu í máli þessu og með dráttarvöxtum, eins og þeir verða ákveðnir af Seðlabanka Íslands skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að staðfest verði með dómi, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, þannig, að vextir fyrir tímabilið 14. apríl

1987 til 14. apríl 1988 leggist við höfuðstól 14. apríl 1988 og svo koll af kolli.

Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að viðbættum 12% sérstökum söluskatti skv. lögum 68/1987. Þess er krafist, að staðfest verði með dómi, að málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. 1. 25/1987 frá dómsuppsögudegi til greiðsludags.

Stefndu krefjast aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og málskostnaður tildæmdur úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Til vara, að stefnukröfurnar verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði í því tilviki látinn niður falla.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi, sem er húsgagnasmiður, varð fyrir slysi hinn 15. febrúar 1982 við störf á trésmíðaverkstæði varnarliðsins í Rockville. Kvaðst hann hafa lokið við að saga föls í krossvið og spónaplötur með hjólsög af Newman Machine-gerð, hugðist slökkva á söginni og teygði sig undir vélarbordið. Hafi hann þá runnið til á hálu gólfi og lent með vinstri hönd ofan á hjólsagarblaðinu. Við þetta hafi fjórir finger vinstri handar skaddast alvarlega.

Kveðst stefnandi hafa legið á Borgarspítalanum frá slysdegi til 18. febrúar 1982. Hann hafi verið óvinnufær í nokkra mánuði eftir slysið, en hafið þá störf að nýju á sama stað. Hafi hann misst nær alla framkjúku þumalfingurs vinstri handar, og séu staurliðir um báða liði fingursins. Staurliðir séu einnig um framlið vísifingurs og um miðlið og framliði löngutangar og baugfingurs. Á árinu 1983 hafi stefnandi verið til aðgerðar á Borgarspítalanum. Sú aðgerð hafi falist í því, að fingurnir hafi verið beygðir að nokkru leyti til að gera höndina meðfærilegri. Stefnandi kveðst hafa verið frá vinnu í um það bil tvo mánuði vegna þessa. Örorka sín hafi valdið því, að eftir slysið hafi hann orðið að vinna annars konar vinnu en hann gerði áður.

Starfsmenn Vinnuettirlits ríkisins hafi skoðað aðstæður á slysstað daginn eftir slysið. Í skýrslu eftirlitsins komi fram, að kleyfur og blaðhlíf tilheyrandi hjólsöginni hafi ekki verið á henni, þegar slysið varð, og að æskilegt hefði verið að hafa léttbygðari hlíf og kleyf á henni. Aðilar á vegum varnarliðsins hafi strax eftir slysið framkvæmt athugun á loftsogi við hjólsögina. Í bréfi flughermálaráðuneytisins, dags. 1. mars 1982, kemur fram, að útblásturskerfi þetta nái ekki lágmarksafköstum samkvæmt staðli fyrir loftræstingu iðnaðarsvæðis. Vindhraði, sem nauðsynlegur sé til að halda sagi á hreyfingu gegnum röraleiðslur vélarinnar, sé ónógur. Sag úr vélinni kastist því á brjóst og maga starfsmanns, sem vinni við vélina. Þegar slysið

varð, hafi gólf verkstæðisins verið gljámálað með lakki svipuðu skipalakki, en hafi verið málað með hraunmálningu eftir það.

Björn Önundarson læknir hafi framkvæmt mat á örorku stefnanda 22. maí 1985. Niðurstaða hans sé, að stefnandi hafi verið 100% öryrki í 9 mánuði eftir slysið, 50% öryrki í 3 mánuði og hlotið 25% varanlega örorku. Guðjón Hansen tryggingafræðingur hafi reiknað fjárhæð vinnutekjutaps stefnanda, fyrst 25. júlí 1985 og einnig 27. júlí 1987.

Lögmaður stefnanda hafi hinn 30. desember 1986 ritað bréf til skaðabótanefndar skv. lögum 110/1951 og krafist þess, að ríkissjóður bætti tjon stefnanda, þar sem það væri að rekja til vanbúnaðar á vinnustað. Nefndin hafi synjað greiðslu bóta með bréfi, dags. 25. maí 1987. Stefnandi hafi því séð sig knúinn til að höfða mál þetta, og hafi dóms- og kirkjumálaráðuneytið veitt honum gjafsókn í málinu með bréfi, dags. 16. júní 1987.

Stefnandi kveðst sundurliða dómkröfur sínar þannig í samræmi við ofangreind gögn:

1. Aðalkrafa.

a) Örorkutjón:

Fjárhæð vinnutekjutaps	
v/tímabundinnar örorku á slysdegi	kr. 155.322
Fjárhæð vinnutekjutaps	
v/varanlegrar örorku á slysdegi	— 846.770
Tapað framlag til lífeyrissjóðs	— 49.234
Greitt úr slysatryggingu launþega	— (48.125)
— — — almannatrygginga	— (62.468)
	kr. 940.733
b) Miskabætur	— 300.000
	<u>kr. 1.240.733</u>

2. Varakrafa.

a) Örorkutjón:

Fjárhæð vinnutekjutaps	
v/tímabundinnar örorku á slysdegi	kr. 155.322
Fjárhæð vinnutekjutaps	
v/varanlegrar örorku á slysdegi	— 1.109.062
Tapað framlag til lífeyrissjóðs	— 63.467
Greitt úr slysatryggingu launþega	— (48.125)
— — — almannatrygginga	— (69.283)
	kr. 1.210.443
b) Miskabætur	— 300.000
	<u>kr. 1.510.443</u>

Stefnandi telur varnarlið Bandaríkjanna bera skaðabótaábyrgð á framangreindu tjóni sínu á grundvelli ólögfesta reglna skaðabótaréttarins. Í fyrsta lagi sé bent á reglu um hlutlæga ábyrgð vegna bilunar eða galla í tæki. Sú regla hafi ótvíræða stoð í dómaframkvæmd. Stefnandi kveður tvær orsakir hafa verið fyrir slysinu, annars vegar, að loftsgöng við hjólsögina hafi verið ófullnægjandi, og hins vegar, að frágangur á gólfi vinnusalarins hafi verið óforsvaranlegur og til þess fallinn að valda tjóni. Telur hann varnarliðið bera ábyrgð á tjóni, sem af slíku hlýst, án tillits til þess, hvort um sök sé að ræða eða ekki. Verði ekki á það fallist, kveðst stefnandi byggja á því, að fyrirsvarsmenn verkstæðisins eða aðrir aðilar, sem varnarliðið beri ábyrgð á, hafi mátt gera sér grein fyrir því, að ástand sagarinnar og frágangur gólfsins hafi verið óforsvaranleg og til þess fallin að valda tjóni. Bótaskylda ríkissjóðs byggist á 2. mgr. 12. gr. laga nr. 110/1951.

Af hálfu stefnda er málatilbúnaði stefnanda eindregið vísað á bug. Mótmælir hann því harðlega, að ástand sagarinnar og frágangur gólfsins hafi verið óforsvaranleg. Telur hann með öllu ósannað af hálfu stefnanda, að slys það, sem stefnandi varð fyrir, verði rakið til áhættu, er stefndi verði gerður ábyrgur fyrir. Af gögnum málsins verði ekki annað ráðið en slysið verði fyrst og síðast rakið til aðgerða stefnanda sjálfs, vangæslu hans og/eða óhappatilviljunar.

Margt sé óljóst um tildrög slyssins. Stefnandi sé einn til frásagnar um, hvernig slysið hafi orðið, og sú frásögn sé um margt óljós og ófullkomin. Í skýrslu lögreglu komi fram, að samverkamenn stefnanda, sem lögregla ræddi við daginn eftir slysið, hafi ekki vitað, að hvaða verkefni stefnandi hafði verið að vinna, og ekkert hafi orðið ráðið um það á vettvangi. Í læknisvottorði, dags. 9. okt. 1984, komi fram, að stefnandi hafi slasast á vinstri hendi. Af lýsingu á sárum hans megi þannig ráða, að handarbak hans hafi lent í söginni, en ekki lófi. Í lögregluskýrslu hafi komið fram, að stefnandi hafi þekkt allar aðstæður á verkstæðinu til hlítar. Þar sé upplýst, að stefnandi sé húsgagnasmíðameistari og hafði hann unnið sl. 5 ár á trésmíðaverkstæðinu í Rockville. Hjólsögin, sem hann slasaðist á, hafi verið framleidd 1953, og hafi hún komið á verkstæðið tveimur árum áður. Í skýrslunni taki stefnandi fram, að sag, sem komi af söginni, sé hreinsað oft og vel af gólfinu. Í lögregluskýrslu hinn 16. febrúar komi fram, að mikið sagarýrk hafi verið á gólfinu við vélina, og í þeirri skýrslu sé ekkert getið þeirra skýringar, sem stefnandi hafi gefið á því síðar í skýrslutöku í maí, að það hafi komið, er samverkamenn hans hafi opnað vélina í leit að fingurstúf eftir slysið.

Í skýrslu Vinnueftirlits komi fram, að notkun hjólsagarinnar sé heimil. Sögin sé útbúin með „kleyfi“ og „blaðhlíf“. Hvorugt hafi verið á vélinni, er slysið varð. Í skýrslunni sé tekið fram, að léttbyggðari hlíf og kleyfar

væru æskilegri, en engar kröfur gerðar um breytingar eða úrbætur á hjól-söginni. Hvorki þar né í skýrslu flughermálaráðuneytisins, dags. 1. mars 1982, sé vikið að því, að sögin hafi verið biluð eða gölluð. Hins vegar segi í siðarnefndri skýrslu, að útblásturskerfi hennar nái ekki lágmarksafköstum skv. bandarískum staðli fyrir loftræstingu iðnaðarsvæðis. Af því verði hins vegar alls ekki dregin sú ályktun, að vélin hafi verið gölluð eða biluð, eins og stefnandi virðist gera.

Í lögregluskýrslu komi fram, að stefnandi sjálfur hafi fjarlægt öryggis-hlífar af söginni. Gefi hann þá skýringu, að hann hafi ekki getað unnið það verk, sem hann var við, öðruvísi en að fjarlægja hana, og öðru verk-færi til verksins hafi ekki verið til að dreifa. Jafnvel þótt þessi skýring stefnanda reyndist rétt, sé ljóst, að stefnanda bar að sýna ýrtruðu aðgát í umgengni við vélina, eins og hér stóð á, þ. á m. að hafa hana ekki í gangi nema þá stund, sem hann beinlínis notaði hana, og slökkva þá á henni, meðan hann athafnaði sig að öðru leyti við framkvæmd verksins. Stefnandi; sem gjörþekkti allar aðstæður, hafi einnig vitað, að hálka gat skapast á gólfinu vegna sagarryksins, og hafi hann því átt að varast sérstak-lega slíkar aðstæður og viðhafa allar þær öryggisráðstafanir, sem nauðsyn-legar hafi verið með tilliti til þess.

Í lögregluskýrslu gefi stefnandi þá lýsingu, að hann hafi lokið verkinu og gengið milli þykktarhefilsins og hjólsagarinnar til þess að drepa á sög-inni. Fyrir framan rofann hafi hann runnið til á hálu gólfinu og lent með vinstri hönd ofan á hjólsagarblaðinu. Hægri höndina hefði hann þegar teygt áleiðis að slökkvaranum undir vélarborðinu. Síðar í skýrslunni segi hann, að hann hafi runnið mjög snögg til, þá er slysið varð, og hafi það engum togum skipt, að höndin hafi lent á blaðinu. Þegar myndir, teknar af lögreglu, séu skoðaðar og settar í samhengi við þessa lýsingu, fáist ekki séð, að stefnandi hafi viðhaft eðlilega aðgát og allar nauðsynlegar varúðar-ráðstafanir. Sé reyndar alveg með ólíkindum, hvernig það, að stefnandi rann snögg til, leiði til þess, að hann reki bakhluta vinstri handar fram fyrir sig yfir borðið á söginni og á sagarblaðið.

Eins og gögn málsins liggi fyrir, fáist ekki séð, að stefnandi geti sakast við neinn annan en sjálfan sig um slysið og afleiðingar þess. Ekkert liggi fyrir um það, að það hafi borið til með þeim hætti, að stefndi verði að lögum gerður bótaábyrgur fyrir því.

Fari svo, að dómurinn fallist ekki á aðalkröfu stefnda um sýknu, er gerð sú varakrafa, að stefnufjárhæðin verði stórlega lækkuð. Í því sambandi er í fyrsta lagi bent á eigin sök stefnanda, sem leiði til þess, að hann eigi að bera tjón sitt sjálfur að mestu leyti. Miskabótakröfu stefnanda er mót-mælt sem allt of hárrí. Þá beri að lækka bætur með hliðsjón af hagræði skattfrelsis og eingreiðslu. Þess sé krafist, að samningsbundnar bætur úr

slysatryggingu launþega skv. kjarasamningi, alls að fjárhæð kr. 71.125, sem komið hafi til greiðslu hinn 1/10 1984, komi að fullu til frádráttar þeim bóttum, sem stefnda kynni að verða gert að greiða. Sömuleiðis eigi laun, sem stefnandi hafi fengið greidd vegna fjarvista eftir slysið, að koma til frádráttar, en í kröfugerð stefnanda sé ekkert tillit tekið til þeirra né upplýst, hver þau hafi verið. Í kröfugerð stefnanda sé innifalinn útlagður kostnaður við útreikning á tjóni, en hann heyri að réttu lagi undir málskostnað.

Kröfum stefnanda um vaxtavexti og um upphafstíma dráttarvaxta af bóttum sé mótmælt, sbr. 7., 12. og 15. gr. laga nr. 25/1987, um vexti. Krafa stefnanda um, að dómurinn staðfesti, að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti, sé í reynd ekki annað en beiðni um lögfræðilega álitsgerð og andstæð ákvæðum 67. og 69. gr. eml.

Niðurstaða.

Fyrir dóminn hafa komið stefnandi, Þorsteinn Kristjánsson, og vitnin Vilhjálmur Vilhjálmsson verkstjóri, Páll Ólafsson rafvirki og Guðlaugur Guðmundsson pípulagningamaður. Hinn 19. apríl gekk dómurinn á vettvang ásamt fulltrúum aðila og lögmönnum. Stefnandi var við vinnu á staðnum. Skoðuð var vél sú, er slysið varð við, og sýndi Jón Sveinsson smiður, hvernig föls eru söguð í henni. Vilhjálmur Vilhjálmsson sýndi venjulega sögun, og stefnandi sýndi, hvernig hann gekk að vélinni og hvernig hann rann til, er slysið varð. Var vélin sögð óbreytt, en nýtt efni hafði verið lagt á gólf tveimur til þremur mánuðum fyrir vattvangsgöngu.

Engin vitni voru að slysinu, og þar sem ekkert hefur komið fram, er hnekki framburði stefnanda, verður hann lagður til grundvallar um málsatvik. Upplýst er, að stefnandi vann við að taka föls í bók á skápum. Til þess að hægt sé að taka föls með vélsög, verður að taka öryggishlíf af söginni. Hafði því verið safnað saman einum þremur verkefnum, þar sem taka þurfti föls. Var byrjað á þessu verki á föstudegi fyrir slysið, og unnu þeir þá tveir að því, stefnandi og Vilhjálmur. Á mánudeginum var stefnandi einn við verkið. Þar sem hann var einn, varð hann að fylgja viðnum eftir í gegnum sögina til að taka á móti honum við hinn endann. Er hann hafði lokið við að saga síðasta stykkið og lagt það á sinn stað, kveðst hann hafa komið til baka að vélinni í þeim tilgangi að slökkva á henni, en þá runnið til við hlið sagarinnar og fallið aftur fyrir sig og lent þá með vinstri hönd á sagarblaðinu handarbaks megin með þeim afleiðingum, er síðar verða raktar.

Samkvæmt vitnisburði stefnanda og Vilhjálm Vilhjálmssonar eru vél-sagir títt notaðar til sögunar af þessu tagi, ef ekki er til fræsari á viðkomandi vinnustað, og algengt sé á minni vinnustöðum, að fræsari sé ekki til. Fræsari mun ekki hafa verið til á trésmiðaverkstæðinu í Rockville. Einnig

kom fram, að þegar föls séu söguð í löng borð, eins og þarna hafi verið, sé það venjuleg verklagsregla, að tveir menn vinni saman að verkinu, þannig að annar stjórni söguninni, en hinn taki á móti trénu. Sé slíkur aðstoðarmaður ekki til staðar, verði smiðurinn að fylgja viðnum eftir.

Upplýst er, að stefnandi hafði unnið að verkefninu í tvo daga, og hafði Vilhjálmur verið með honum fyrri daginn, en þennan dag var Vilhjálmur í fríi. Skipulag verkstjórnar var þannig, að verkstjórn var í höndum Bandaríkjamanns, sem hafði aðsetur í annarri byggingu og kom annað slagið á staðinn, en ella var haft samband við hann símleiðis. Hafði honum verið kunnugt um, að hvaða verkefni var unnið á verkstæðinu, og veitt samþykki sitt til þess, að hlífin væri tekin af vélinni í þessum tilgangi, hann hafði einnig veitt Vilhjálmi leyfi á mánudeginum. Fleiri smiðir en Vilhjálmur og stefnandi voru ekki á verkstæðinu. Yfirmanninum var því ljóst, að stefnandi var einn við verkið.

Ætla verður, að varnarliðið hafi bolmagn til þess að búa verkstæði sín nauðsynlegum verkfærum, svo sem fræsara, og verður að telja varnarliðið vera ábyrgt fyrir því, að nauðsynlegt var að beita jafnhættulegri aðferð og hér var að jafnaði gert við að taka föls. Þá þykir verkstjórn hafa verið ábótavant að því leyti, að það var látið viðgangast, að stefnandi væri einn við þetta verk slysdaginn.

Með framlögðum gögnum og skýrslum aðila og vitna þykir í ljós leitt, að loftsgöng frá vélinni hafi ekki verið nægilega kraftmikið, þannig að það náði ekki að grípa allt sag frá sagarblaðinu, meðan það var í notkun, og fjarlægja um þar til gert loftsgöngsrör, heldur kastaðist það á brjóst eða maga þess, er við sögina vann, og féll á gólfið. Vélin var óþétt, og jók það á vankanta loftsgöngsins. Skapaði þetta hálfu á gólfinu. Líta verður svo á, að hér hafi verið galli á vinnutæki því, er stefnandi slasaði sig á, og að varnarliðið beri ábyrgð á því, að úr honum hafði ekki verið bætt. Til að draga úr þeirri hálfu, er sagði skapaði, þótti nauðsynlegt að sópa gólfið oft. Ekkert hefur komið fram í málinu, er bendi til þess, að það hafi verið vanrækt. Samkvæmt framburði vitnanna Páls og Guðlaugs, sem voru á staðnum, þegar slysið varð, virtist þeim, að fingur hefði sagast af stefnanda, og segjast þeir hafa opnað vélina og leitað fingurs í saginu, sem í henni var, og rótað því út á gólfið í leitinni. Síðar hafi komið í ljós, að fingurinn hafði ekki sagast af.

Upplýst er, að þegar slysið varð, var gólfið málað með lakki áþekku skipalakki, en eftir slysið hafi verið hraunað í kringum vélarnar. Þegar dómurinn gekk á vettvang, hafði nýtt efni verið lagt á allt gólfið. Starfsmönnum, sem borið hafa vitni, ber saman um, að gólfið hafi almennt (sic) verið hált og að sú hálfu hafi verið augin með því, að þegar gólfið var þvegið, sem einkum var gert, þegar yfirmenn í varnarliðinu komu til eftir-

lits, hafi verið notaðar svokallaðar „moppur“, sem fengnar voru að láni úr öðrum skálum, og hafi gjarnan (sic) verið í þeim bónleifar.

Það er alkunna, að sag eykur hálfu á fleti, sem það fellur á. Verður að telja, að við þessar aðstæður hafi frágangur gólfsins verið óforsvaranlegur og þar með hafi öryggis starfsmanna ekki verið nægilega gætt. Skóbúnaður starfsmanna þykir hins vegar hafa verið allgóður.

Pegar til alls þessa er litið, sem hér að ofan hefur verið rakið, þykir verða að leggja á stefnda fulla ábyrgð á tjóni stefnanda með vísan til 2. mgr. 12. gr. 1. 110/1951.

Stefnandi var fluttur á Sjúkrahúsið í Keflavík eftir slysið, en þaðan á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík, og er læknisvottorð þaðan ritað af Tryggva Þorsteinssyni lækni, dags. 9. okt. 1984. Kveður hann stefnanda hafa slasast þannig á vinstri hendi, að I., II., III. og IV. fingur hafi næstum sagast af í vélsög. Nánar lýsir læknirinn meiðslunum þannig: „Á þumal-fingri náði sár frá greip fingursins eftir honum endilöngum og tók af gómhluta fingursins og hálfa fremstu kjúku. Sagast hafi þvert í gegnum nærkjúku fingursins og áfram í gegnum liðflötinn, sem þannig hafði klofnað í tvo hluta, og hafði fingurinn við þetta sveigst út í 90 gráður frá hendinni og opið inn í sjálfan liðinn.

Á vísifingri var djúpt sár handarbaksmegin á fingrinum yfir mið- og distal-kjúku. Öll réttisinin (extensor-apparatið) hafði sagast af, og náði sagarfarið alldjúpt niður í miðkjúku. Húðin var mikið rifin og tætt, en vantaði þó ekki mjög mikið á hana.

Á löngutöng var djúpt sár handarbaksmegin á fingrinum, sem náði frá basal-hluta naglarinnar og upp fyrir efri kjúkuliðinn (PIP-liðinn). Opið var inn í báða millikjúkuliðina (IP-liðina), og var stór geil eftir endilangri mið- og distal-kjúku. Eins á vísifingri hafði extensor-mechanisminn allur rifnað burtu. Báðir millikjúkuliðirnir voru mikið skaddaðir. Miðkjúkan var þó verst úti, því að á hana vantaði bæði trochlea-liðinn distalt, og ofantil var basal-hlutinn að mestu sagaður af. Fjærkjúkan var lítið sködduð.

Á baugfingri var mjög rífið og tætt sár yfir efri kjúkulið handarbaksmegin, og hafði basal-hluti miðkjúku alveg sagast af ásamt throchlea-hluta á nærkjúku. Var þarna um verulegan bein-defect að ræða og styttingu á fingrinum. Djúp geil hafði sagast langsum eftir báðum kjúkum. Beinín voru því mjög þunn, þar sem þau mættust. Extensor-mechanisminn hafði hér einnig rifnað burtu á þessu svæði.

Vefirnir lófamegin á fingrinum (sinar og æðtaugastrengir) voru í aðalatriðum óskaddaðir og góð blóðrás fram í fingrum og tilfinning nokkuð eðlileg í gómum.

Þorsteinn var lagður inn á Bsp. og gert við þessi sár í svæfingu á skurðstofu. Kjúkur hinna ýmsu fingra voru fixeraðar með mörgum Kirschner-

vírum með það fyrir augum að láta fingurna gróa saman í eina heild, þar sem liðir voru sagaðir af og réttisinar ónýtar. Þá var hægt að loka sár-defectunum að mestu með prímer-saumum nema á þumalfingri, þar varð að skilja eftir opið sár, sem var raunar lengi að gróa. Gerð var tilraun til að construera aftur liðflötinn á nærkjúku þumalfingurs og voru brot-hlutar skrúfaðir saman með tveimur micro-skrúfum. Fékkst á þenan hátt þokkalegur liðflötur, aftur á móti voru liðbönd og liðbelgur illa sködduð og hætta á, að örvefur myndi festa þennan lið.

Þorsteinn lá 4 daga á Bsp., en fékk þá að fara heim til sín. Hann gekk áfram til eftirlits á göngudeild, og má segja, að í heild hafi vel tekist til. Hann slapp við sýkingu, og húðsárin greru sæmilega fljótt nema á þumalfingrinum, en þar þurfti að taka lítið eitt framan af kjúkunni, til að hægt væri að loka sárinu.

Við eftirlit þ. 17/3 '82 sást byrjandi beinnýmyndun í fremstu kjúkuliðum og brotstaða að öðru leyti óbreytt.

Í byrjun apríl voru sárin gróin á öllum fingrum nema á þumalfingri, en yfir gómhluta hans var ennþá allþykk skorpumyndun.

Þ. 16/4 var hægt að taka alla stálpinna úr nema á löngutöng, en hann var tekinn úr viku seinna.

Þorsteinn hefur síðan komið nokkuð oft í eftirlit og einnig verið í æfinga-meðferð og hefur náð vissri hreyfingu í þumalfingur, en að sjálfsögðu eru millikjúkuliðir á hinum þremur fingrunum stífir. Þorsteinn hafði einna mest óþægindi frá efri kjúkulið á löngutöng, sem var losaralegur og olli sársauka við hreyfingar, og sömuleiðis voru mikil óþægindi frá nærkjúkulið á baugfingri, en þar var einnig um los að ræða og talsverða skekkju á þessum fingri eins og þeim þriðja.

Nokkuð dróst, að Þorsteinn kæmi í aðgerð, en þ. 18/1 '84 var hann lagður inn til þess að lagfæra þessi brot. Voru fingurnir fixeraðir með stálpinum í hæfilega beygju og sett á það (sic) bein-transplantat. Lá hann hér inni á spítalanum í einn dag í sambandi við þessa aðgerð. Aðgerðin gekk vel, og jafnaði Þorsteinn sig á eðlilegum tíma. Pinnar voru teknir þ. 13/3, en úr III. fingri þ. 4/5. Stefnan er góð á fingrunum, og verkir svo til horfnir við átök. Þorsteinn er í æfingameðferð og góðri framför, og standa vonir til, að vinnugeta handarinnar eigi eftir að lagast talsvert.“

Örorkumat var framkvæmt af Birni Önundarsyni, dags. 22. maí 1985, og er niðurstaða þess svohljóðandi: „Það er um að ræða rúmlega 48 ára gamlan húsgagnasmið, sem hinn 15.2. 1982 skaddaðist mikið á vinstri hendi sinni, er hann lenti með höndina í hjólsög. Slys þetta skeði hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Slasaði var þegar í stað fluttur í sjúkrahúsið í Keflavík, þar sem gert var til bráðabirgða að meiðslum slasaða, en síðan var

hann fluttur í Borgarspítalann, þar sem gert var að meiðslum slasaða og þar sem hann var til eftirlits um sinn.

Alveg óvinnufær vegna nefnds slyss er slasaði talinn hafa verið í um níu mánuði. Verulega skerta starfsorku hafði slasaði svo í þrjá mánuði, og varanlega er hér um nokkra örorku að ræða.

Svo sem að framan er fram komið, hefur slasaði misst nær alla framkjúku þumalfingurs vinstri handar sinnar. Staurliður er bæði í grunnlið og framlið, og fingurinn er bláleitur og mjög rýr. Slasaði getur aðeins notað hann til stuðnings, en þó er lítils háttar nothæft grip á millum þumalfingursstúfsins og vísingurs vinstri handar. Staurliður er um framlið þess fingurs, en a.ö.l. er hann óskaddaður. Staurliður er bæði um miðlið og framlið löngutangar vinstri handar slasaða og devierar nokkuð lateralt í miðlið. Þá er staurliður um framlið og miðlið baugfingurs handarinnar, og telur slasaði, að þessir tveir fingur þvælist fremur fyrir en að þeir geri gagn. Kraftar í allri hendinni eru verulega skertir, og kuldi og dofi sækja mjög á hana. Slasaði er réttthendur og skaði hans því ekki eins mikill. Á hitt ber að líta, að slasaði er húsgagnasmiður að atvinnu og þarf því oft að handfjatla litla hluti í vinnu sinni.

Það er þannig um að ræða rúmlega 48 ára gamlan húsgagnasmið, sem orðið hefur fyrir gífurlegum skaða á vinstri hendi sinni í nefndu slysi. Ekki er nú líklegt, að úr því rætist á neinn hátt, fremur hitt, að frekari rýrnanir (sic) á fingrum komi fram, sem geri slasaða enn erfiðara fyrir um vinnu en nú er þó.

Þar sem svo langt er um liðið, frá því áður nefnt slys átti sér stað þykir nú eðlilegt að meta þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og þykir hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi talið í 9 mánuði	100%
eftir það í 3 mánuði	50%
varanlega	25%“

Örorkutjón stefnanda hefur verið reiknað af Guðjóni Hansen tryggingafræðingi, fyrst 25. júlí 1985 og síðan aftur 27. júlí 1987. Eru stefnukröfur byggðar á síðari útreikningnum. Forsendur hans eru ofangreint örorkumat og vinnutekjur stefnanda starfsárin 1979-1981, umreiknaðar með tilliti til breytinga, sem orðið hafa á kaupþöxtum iðnaðarmanna til útreikningsdags að meðtalinni umsaminni almenntri hækkun 1. október 1987. Reiknað er með almennum sparisjóðsvöxtum, eins og þeir hafa verið á hverjum tíma (frá 1. mars 1986 er reiknað með almennum sparisjóðsvöxtum Landsbanka Íslands) frá slysdegi til útreikningsdags, en síðan er reiknað með 6% ársvöxtum til frambúðar. Er annars vegar reiknað með, að vextir bætist við

höfuðstól á 6 mánaða fresti, en hins vegar er reiknað með einföldum vöxtum.

Reiknað er verðmæti eingreiðslu örorkubóta frá Tryggingastofnun ríkisins, greiddum 21. ágúst 1984, að fjárhæð kr. 124.628. Verðmæti hennar reiknast nema á slysdegi kr. 62.468, sé reiknað með vöxtum og vaxtavöxtum, en kr. 69.283, sé reiknað með einföldum vöxtum.

Við útreikning á verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda er reiknað með gjaldskyldu af heildarlaunum frá ársbyrjun 1990 og gert ráð fyrir, að sú skipan komist á í áföngum 1987-1990 í samræmi við ákvæði kjarasamninga frá 1986. Telst slíkt tap nema kr. 49.234, þegar reiknað er með vöxtum og vaxtavöxtum, en um kr. 63.467, þegar reiknað er með einföldum vöxtum.

Verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi reiknast:

	<i>Reiknað með vöxtum og vaxtav. til útrd.</i>	<i>Reiknað með einf. vöxtum til útrd.</i>
V/tímab. orkutaps 12 mán.	kr. 155.322	kr. 155.322
V/varanl. orkutaps eftir þann tíma	— 846.770	— 1.109.062
Samtals	kr. 1.002.092	kr. 1.264.384

Telja verður upplýst með gögnum málsins og framburði stefnanda sjálfs, að hann hafi fengið greidd að fullu þau laun, sem honum bar, á meðan á tímabundinni örorku hans stóð. Stefnandi hefur haldið vinnu sinni hjá varnarliðinu eftir slysið. Samkvæmt framburði núverandi verkstjóra, Vilhjálm Vilhjálmssonar, getur hann ekki unnið öll þau verk, er hann áður vann; ekkert hefur þó komið fram um, að hann hafi misst tekjur. Hins vegar kveðst stefnandi ekki lengur taka að sér aukavinnu, svo sem skiptivinnu fyrir kunningja, eins og hann áður hafi gert.

Við ákvörðun bóta til handa stefnanda þykir rétt að hafa hliðsjón af ofangreindu örorkumati og örorkutjónsútreikningi tryggingafræðingsins miðað við einfalda vexti, enda er eigi heimilt að leggja vexti við höfuðstól fyrr en með vaxtalögum, nr. 25/1987. Einnig þykir rétt að lita til þess, að til þessa dags virðist tekjutap stefnanda vera óverulegt, en hitt er ljóst, að vegna þeirrar örorku, sem hann hefur hlotið, er starfshæfni hans á hinum frjálsa vinnumarkaði skert, þegar til framtíðar er litið, og að hann getur ekki valdið sömu vinnu nú og hann áður gerði. Einnig ber að taka tillit til skattfrelsis bóta og eingreiðslu, ofangreindrar greiðslu Tryggingastofnunar ríkisins og slysatryggingargreiðslu Tryggingar hf., kr. 48.125 og þykja þá bætur honum til handa vegna fjárhagslegs tjóns hæfilega metnar kr. 550.000 og vegna miska kr. 150.000 eða samtals kr. 700.000.

Vextir skulu vera almennir sparisjóðsvextir frá slysdegi til síðari útreikningsdags örorkutjóns 27. júlí 1987, svo sem nánar greinir í dómsorði, en frá þeim degi dráttarvextir samkvæmt 10. gr., sbr. 15. gr., vaxtalaga nr. 25/1987, eins og þeir verða á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags. Samkvæmt 12. gr. s. l. má leggja vexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 27. júlí 1988.

Krafa lögmanns stefnanda um dráttarvexti á málskostnað hefur eigi lagað og er því ekki tekin til greina.

Stefnandi hefur hlotið gjafsókn fyrir undirrétti í máli þessu samkvæmt bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 16. júlí 1987. Ríkissjóður skal því greiða kostnað stefnanda af rekstri málsins, samtals kr. 163.720, þar af kr. 18.720 í útlagðan kostnað og kr. 145.000 í málssóknarlaun til skipaðs talsmanns stefnanda, Helga V. Jónssonar hrl., og hefur þá verið tekið tillit til söluskatts.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir, borgardómari.

D ó m s o r ð :

Stefndu, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Þorsteini Kristjánssyni, kr. 700.000 ásamt 35% ársvöxtum frá 15. febrúar 1982 til 1. nóvember s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst s.á., 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s.á., 11% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí s.á., 12% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní s.á., 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s.á., 14% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júlí s.á., 15% ársvöxtum frá þeim degi til 27. júlí 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr., sbr. 15. gr., vaxtalaga nr. 25/1987, eins og þeir verða á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Leggja má vexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 27. júlí 1988.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, kr. 163.720 greiðist úr ríkissjóði, þar af málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Helga V. Jónssonar hrl., kr. 145.000.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.